



Ályktun um afnám tekjutenginga í almannatryggingakerfinu

9. Þing Samiðnar skorar á ríkisstjórn Íslands að afnema tekjutengingar í almannatryggingakerfinu.

Með greiðslu skatta alla starfsævi hefur hver og einn áunnið sér rétt á greiðslu lífeyris úr almannatryggingakerfinu. Það á engin ríkisstjórn, þingflokkur eða einstaka ráðherra að geta leyft sér þá lítilsvirðingu við lífeyrisþega, að skerða þann rétt á nokkurn hátt.

Reykjavík, 11. maí 2019